

Ed.

732. Nefndarálit

[286. mál]

um frv. til laga um iðnaðarmálagjald.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
 - a. Við 1. málsg. Í stað „fyrirtæki í einkaeign opinberra aðila“ komi: fyrirtæki að öllu leyti í eign opinberra aðila.
 - b. Við 3. málsg. Í stað „við útsöluverð“ komi: við verð.
2. Við 2. gr. Á eftir 1. lið komi nýr liður, sem verði 2. liður og orðist svo:
 2. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds lagmetisframleiðenda, sem eru aðilar að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, skal renna til þeirra samtaka sem ráðstafa þeim hluta til eflingar lagmetisiðnaðinum í landinu.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum, sem kunna að verða fluttar.

Alþingi, 13. maí 1975.

Steingr. Hermannsson,
form., frsm.
Albert Guðmundsson.

Ingi Tryggvason,
fundaskr.
Jón G. Sólnes.
Stefán Jónsson,
með fyrirvara.

Þorv. Garðar Kristjánsson.
Eggert G. Þorsteinsson.